Fundargerð

275. fundur barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar, fjarfundur

23. nóvember 2020, kl. 08:15

Viðstaddir: Halldór Rósmundur Guðjónsson, Þuríður Berglind Ægisdóttir, Díana Hilmarsdóttir, Sigurrós Antonsdóttir, Davíð Brár Unnarsson, María Gunnarsdóttir forstöðumaður, Þórður Öldal Sigurjónsson ráðgjafi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

**1. 5 trúnaðarmál á dagskrá.**

**2. Fósturgreiðslur (2020110306)**

María Gunnarsdóttir forstöðumaður barnaverndar gerði grein fyrir málinu.

**3. Lýðheilsustefna Reykjanesbæjar (2019100079)**

Drög að lýðheilsustefnu lögð fram. Lýðheilsuráð Reykjanesbæjar óskar eftir umsögn eða athugasemdum.

Farið var yfir drögin og er formanni barnaverndarnefndar falið að senda athugasemdir til lýðheilsuráðs.

**4. Fundargerðir neyðarstjórnar (2020030192)**

Fundargerðir lagðar fram. Fundargerðir neyðarstjórnar eru aðgengilegar á vef Reykjanesbæjar.

**5. Mælaborð barnaverndar og tölulegar upplýsingar (2020040310)**

María Gunnarsdóttir forstöðumaður barnaverndar lagði fram mælaborð og tölulegar upplýsingar.

**Barnaverndartilkynningar til barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar**
Í október 2020 bárust 55 tilkynningar vegna 49 barna og fjöldi nýrra mála í könnun voru 21 mál en á sama tíma í fyrra voru tilkynningarnar 71 vegna 56 barna og fjöldi nýrra mála í könnun voru 19.

Í október 2020 bárust flestar tilkynningar frá lögreglu, öðrum og skóla.

Barnaverndarnefnd lýsir yfir áhyggjum af aukningu barnaverndarmála á árinu 2020 og því álagi sem það veldur á starfsfólk.

______________________________

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:05.